



Vesturlandsskógar

**Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2008**

**Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2008**

**Ársreikningur 2008**

Gert í október 2010.

S.Á.

# Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2008.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Veðurfar .....	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs .....	3
Fjárveitingar .....	3
Stjórn Vesturlandsskóga .....	4
Samningar við bændur .....	4
Helstu framkvæmdir .....	4
Gróðursetning til fjölnytjaskóga .....	4
Skjólbeltarækt .....	5
Áburðargjöf .....	5
Jarðvinnsla .....	5
Kortlagning og áætlanagerð .....	6
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni .....	6
Heimasíða Vesturlandsskóga .....	6
Töflur: .....	7-8

### **Viðauki I :**

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2008

### **Viðauki II:**

Ársreikningur Vesturlandsskóga 2008

## Inngangur.

Af illviðráðanlegum orsökum hefur útkoma skýrslu þessarar tafist og er beðist velvirðingar á því. Árið 2008 var níunda starfsár Vesturlandsskóga. Starfsmenn, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Verkaskipting milli fastra starfsmanna var með hefðbundnum hætti eða svipuð og árið áður. Svæði Vesturlandsskóga skiptist þannig milli starfsmanna, að Guðmundur sinnir Snæfellsnesi og Mýrunum vestan Borgarhrepps, Suður-Borgarfirði og Kjósasýslu, Dalabyggð og Saurbæ. Sigríður Júlía Borgarfjarðarsýslu norðan Heiðar, Borgarhreppi, Norðurárdal, Þverárhlið, Stafholtstungum og Hvítársíðu.

## Veðurfar.

Árið 2008 var janúarmánuður nærri meðaltali (miðað við 1961-1990) eða rétt yfir því meðaltali. Febrúar var fremur kaldur og illviðrasamur. Einnig var hann kaldari en í meðalári, einkum var kalt í fyrri hluta mánaðarins. Komst frost í 22 gráður í Stafholtsey aðfaranótt 2. febrúar. Í mars var fremur úrkomulítið og hitinn samt nokkuð yfir meðaltali. Apríl var þurr og hlýr. Einkum var hlýtt í síðari hluta aprílmánaðar. Má því segja að vorað hafi snemma, enda ekkert maíhret þetta árið. Maí var reyndar nærri því hlýjasta sem mælst hefur, t.d. 2,3°C yfir meðaltali í Reykjavík. Í Reykjavík var vorið (apríl-maí) það hlýjasta og veðurbesta frá árinu 1974. Maí til september var óvenjuhlýtt tímabil, en þurrkur var framan af sumri vandamál víða á Vesturlandi, einkum þar sem jarðvegi helst illa á raka. Í ágúst fór að rigna og mikið rigndi í september. Haustið kom snemma. Þannig var október óvenjukaldur. Nóvemberhitinn var hins vegar vel yfir meðaltali og var sami meðalhiti í október og nóvember í Reykjavík, sem er nokkuð óvenjulegt. Desember var venju fremur mildur. Í heild var árið gjöfult til trjávaxtar á Vesturlandi.

## Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom nokkuð vel undan vetri og tók feiknagóðum framförum um sumarið, einkum á stöðum þar sem jarðraki var nægur. Rússalerki var óvenjufallegt og óx vel. Óvenjumikill vöxtur var líka í öllum öðrum trjategundum, þótt nokkuð bæri á maðki í sumum víðiklónum. Hreggsstaðavíðir virðist úr leik að sinni, vegna ryðsvepps. Asparglitta er smátt og smátt að breiðast út frá Kjalarnesinu. Hún leggst þungt á viðju og blæösp, en ásækir alaskaösp misjafnlega mikið eftir klónum og virðist lofthreidd, þannig að hún nærast aðallega á blöðum neðan til í stærri trjám.

## Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu kr. 68,7 milljónum miðað við 75,9 milljónir króna á árinu 2007. Þetta þýðir lækkun í krónutölu um 7,2 milljónir. Þegar tillit er tekið til þróunar vísitölu neysluverðs frá miðju ári 2007 fram á mitt ár 2008, en hún hækkaði um 11,8% var raunlækkun ráðstöfunarfjár 21,3% milli ára. Þar við bættist, að ná þurfti niður halla frá fyrri árum og var skorinn af hali, sem nam kr. 18,877 milljónum króna. Alls voru útgjöld því kr. 49,823 milljónum króna miðað við 81,899 milljónir króna á árinu áður. Þetta þýðir, að lækkun útgjalda milli ára var í krónum talið 32,076 milljónir króna. Hlutfallsleg lækkun útgjalda milli ára í krónum varð því 39,2% en raunlækkun útgjalda (að teknu tilliti til hækkunar vísitölu neysluverðs) varð 51% milli ára.

# Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt þrjá fundi á árinu 2008. Stjórnin var eins skipuð og árið áður: Formaður er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

## Samningar við bændur.

Árið 2008 voru gerðir nýir samningar um nytjaskógrækt á Múlastöðum í Flókadal og á Hafþórsstöðum í Norðurárdal, endurnýjaður samningur fyrir Sveinatungu í Norðurárdal, nýr samningur vegna Seljalands í Hörðudal, endurnýjaður samningur, sem nær yfir stærra svæði en áður vegna Breiðabólsstaðar í Sökkólfsdal, nýr samningur vegna Breiðabólsstaðar á Skógarströð, endurnýjaður samningur vegna Skógarsels í Hálsasveit, nýr samningur vegna Búrfells í Hálsasveit, endurnýjaður samningur vegna Hamars í Þverárhlið, nýr samningur vegna Hlíðarenda í Miðdölum og nýr samningur vegna Ægissíðu í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Alls eru þetta 7 nýir samningar, þannig að í gildi eru þá samningar um nytjaskógrækt á 108 jörðum á Vesturlandi. Af þeim jörðum má þó segja, að ljóst sé, að ekki verði af frekari framkvæmdum á tveimur jörðum, þótt lítið hafi verið gróðursett þar hingað til. Kemur þar til vangeta eða áhugaleysi viðkomandi jarðeigenda til að halda samninginn, hvað varðar friðun landsins fyrir beit.

Árið 2008 voru gerðir skjólbeltasamningar við bændur á eftirtöldum jörðum: Borg í Eyja- og Miklaholtshreppi, Brautarholti í Staðarsveit, Minni-Borg í Eyja- og Miklaholtshreppi og Reit í Kleppjárnsreykjahverfi eða samtals á 135 jörðum frá stofnsetningu Vesturlandsskóga. Aðeins nokkrar af þessum jörðum hafa dottið út, vegna ónógrar friðunar skjólbelta.

## Helstu framkvæmdir:


### Gróðursetning til fjölnytjaskóga

Á árinu 2008 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga liðlega 321 þúsund plöntur á 56 jörðum. Þetta er 62,5% fækkun gróðursettra plantna frá árinu áður.

Aðeins voru lagðir 13,9 km af skjólbeltaplasti þetta árið. Hins vegar voru settar 27 þúsund plöntur og stiklingar í skjólbelti þetta árið, þ.a. 2.800 plöntur í skjólbelti, þar sem ekki var plastlagt. Ljóst er því, að mikið af plöntum og stiklingum fór í að bæta inni eldri skjólbelti. Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Stafafura:	119.820 eða 37,3%
Sítkagreni:	90.815 eða 28,3%
Ilmbjörk:	69.120 eða 21,5%
Alaskaösp:	17.750 eða 5,5%
Sítkabastarður:	15.545 eða 4,8%
Víðir:	3.882 eða 1,2%
Rússalerki:	2.280 eða 0,7 % (önnur kynslóð úr Guttormslundi)
Hengibjörk:	1.440 eða 0,4 %
Lindifura:	560 eða 0,2%

*Í töflum I, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðir eftir tegundum*



## Skjólbeltarækt

Árið 2008 var sett mun minna af skjólbeltum en sl. ár, eða tæplega 14 km miðað við einfalda röð. Hins vegar voru settar samtals yfir 27 þúsund plöntur og stiklingar, því mikið var um íbætur í eldri belt.

*Í Töflu II má sjá, hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.*

## Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn” frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu, en heldur minna í kringum lerkiplöntur. Þó var mönnum ráðlagt að bera ekki á, þar sem handflekkað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum.

## Jarðvinnsla

Engin jarðvinnsla var unnin með vélum á árinu.

# Kortlagning og áætlanagerð.

Engar nýjar skógræktaráætlanir voru gerðar á árinu 2008.

## Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Starfsmenn sóttu fagráðstefnu skógræktar, sem haldin var á Hvolsvelli í aprílbyrjun. Þann 21.maí sat framkvæmdastjóri kynningarfund um brunavarnir og tryggingar í skógrækt, sem haldinn var í Þrastalundi.

Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnu á Selfossi í 19.-20. ágúst um norræna skóga í breyttu loftslagi, endurnýjun skóga og aðlögun að breyttu loftslagi og kolefnisbindingu þeirra. Einnig var fjallað um hina mikilvægu samfélagsþjónustu skóganna, sem felst í samspili þeirra við ferskvatnsauðlindina.

Fyrstu Grænni skóga I námskeiðaröðinni í samstarfi Vesturlandsskóga og LBHÍ lauk vorið 2008.



Útskrift nema úr Grænni skógum 1 fór fram að Fitjum í Skorradal 7. Júní 2008.

## Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir sér um heimasíðuna. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>

# Tafla I:

## Gróðursetning 2008

	RL	SF	SF	SG	SG	SB	SB	AÖ		Lindif	HB	IB	Ýmsir	Samtals
Jörð:		Skagw	B. Lake	Taralds	Seward	Kalgin	Seward	Ýmsir	Ýmsir AÖ stíkl.		Rognan	Bolholt	Viðir	
Kvæmi														
Álfatraðir og Gautastaðir					4935			2925				5000		12860
Ás					350							480		830
Birkihlíð												400		400
Breiðabólstaður			36076	11120	20545	6720	770							75231
Búðardalur I og II					13825			1350				5000		20175
Brenna											800			800
Bær				1000								1000		2000
Dalsmynni														0
Einifell		1880												1880
Erpsstaðir	1000						1995					1000		3995
Hafnarsel		1600		800				875	300			1000		4575
Hamar		400			700					80		400		1580
Háls		1000		2200								2000		5200
Horn								350				400		750
Hrútsstaðir		600										1000		1600
Hvanneyri					5880				3510			4000		13390
Höfn				1000				525						1525
Innra-Leiti		9200	23184		7000							10000	2182	51566
Kalastaðakot		3000		1000				720		80		2000		6800
Kirkjuból			11720									2000		13720
Krókur		2920		3440								5040		11400
Laxárholt		400			1050									1450
Litla-Fellsöxl		2000			1050					400				3450
Ljárnkot											320			320
Lundur					420							280		700
Lýsudalur		1000										3000		4000
Magnússkógar		1000		2000								2000		5000
Miklaholtssel		7000			1400			350				3000		11750
Nýp								1540				2360		3900
Oddsstaðir í Miðdölum		1000			2100	1560		1995						6655
Oddsstaðir II		1600	1000	720					20			1040		4380
Rauðkollsstaðir		2000		2080								1000		5080
Rauðsgil													1700	1700
Setberg			720	400				175				720		2015
Sólheimar		600						595			320	600		2115
Stóri Kroppur				2520								2000		4520
Söðulsholt							2100	2520						4620
Svínhóll		1000										1000		2000
Úlfsstaðir		4520												4520
Vatn		2000												2000
Vellir I		400		280										680
Vilmundarstaðir	1280		2000											3280
Vígholtssstaðir						1000	1400					2000		4400
Vörðufell				3000								8400		11400
Ytri-Skeljabrekka												1000		1000
Samtals	2280	45120	74700	31560	59255	9280	6265	13920	3830	560	1440	69120	3882	321212

	Stiklingar										Plöntur		Samtals	Plastlagt m	
	Katla og Kólga	Heggstaðavíðir	Oddur guli og Mjólnir	Körfuvíðir	Aspir	Töggur og Dröfn	Strandavíðir	Viöja	Norskur gljávíðir	Yakutat og AV	Yllir	Sitkagreni og Birki			
Bakki,															
Kjalarnesi		550	200		300									1050	
Búðardalur	550	100	400		800	1000	350						3200	2408	
Dalur	500		200		535	300				500	40		2075	780	
Efra Skarð				432									432		
Eilífisdalur	500		150										650	200	
Erpsstaðir							100		100				200		
Eskiholt		500			200	500							1200		
Ferstikla			200		200								400		
Gautastaðir	430	150	400	400	270								1650	1570	
Hafnarsel					300								300		
Heggsstaðir	50								25				75		
Hraunsmúli	700			400		300				200			1600	1170	
Hvanneyri	300	100	400	150	800	500				500			2750	2106	
Innra Leiti			1180	400			602						2182		
Kjalvararstaðir	250		200				405						855	564	
Klettur					210						79		289		
Lýsudalur	1150	200	400							200			1950	600	
Magnússkógar					400				100				500		
Skógarsel	50		100	100	120	200	300	75	100				1045	1358	
Steindórsstaðir					200								200		
Söðulsholt	550		400	450	1140			200					2740	3120	
Vellir Jóhanna					200							120	320		
<b>Samtals</b>	<b>5030</b>	<b>1600</b>	<b>4230</b>	<b>2332</b>	<b>5675</b>	<b>1007</b>	<b>2800</b>	<b>1050</b>	<b>100</b>	<b>1600</b>	<b>79</b>	<b>160</b>	<b>25663</b>	<b>13876</b>	



# Viðauki I.

## Fundargerðir stjórnar Vesturlandsskóga.

### 32. fundur stjórnar Vesturlandsskóga, haldinn að Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri, miðvikudaginn 6. febrúar.

Mættir stjórnarmennirnir: Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.
2. Sigvaldi kynnti stöðu mála gagnvart tölvuforritinu og lagði fram greinargerð frá Sigríði Júlíu sem hefur mest unnið við Grænsíðu af starfsfólki Vesturlandsskóga.  
Einnig lagði Sigvaldi fram eftirfarandi greinargerð:

2. Grænsíðan hefur ekki verið að virka sem skyldi. Forritið er þungt. Þjónustan af hálfu Tölvusmiðjunnar (nú hluti af Nýherja), sem felst aðallega í að keyra móðurtölvuna, sem allir notendur vinna á í gegnum netið, kostar okkur nær eina milljón króna á ári og því eru öll verkefni að greiða margfalda þá upphæð til fyrirtækisins. Ef eitthvað er unnið fyrir okkur, eins og að setja inn nýjar jarðir, er greitt fyrir það sérstaklega og kostar það um kr. 7.000 á vinnustund og bætist við þessa milljón. Þar við bætist, að kerfið hefur verið afarhægvirkt, sem hefur gert það illnýtilegt fyrir okkar fólk og væntanlega gert reikningana frá fyrirtækinu vegna vinnu starfsfólks þess fyrir okkur miklu hærri en ella (fleiri tímar). Tölvuforritið var semsagt gallað þegar það var afhent (tekið í notkun) fyrir ári síðan. Síðan er LHV sendur reikningur uppá kr. 7 milljónir króna vegna úrbóta á göllunum. Allur kostnaður við þróun forritsins var greiddur með framlögum af fjárlögum á sínum tíma, sem runnu gegnum Héraðsskóga. Stjórn Skjólsskóga mun hafa ályktað að segja upp samningum um Grænsíðu, enda telja þeir, að hægt sé að reka Skjólsskóga án afnota af Grænsíðu.

3. Þingsályktunartillaga er í vinnslu meðal okkar framkvæmdastjóranna, fer síðan í ráðuneytið og verður kannski eitthvað krukkað í hana þar. Stærð verkefnanna á að miðast við að vera 5% af láglendi hvers landshluta, þ.e. lands undir 400 m hæðarlínu. Nú hafa fengist nákvæmari upplýsingar frá Landmælingunum. Skv. þeim stækka Vesturlandsskógar um 2-3%, en sumir aðrir minnka. Annars byggist þingsályktunin á því að setja fram töflu, er sýni uppþrepun verkefnanna. Þá velta menn fyrir sér, hvað “þýði” að bjóða uppá bratta uppþrepun.. Hugsanlegt er, að þingslályktun þessi verði okkur lítils virði eins og fyrri þingslályktun, hver svo sem brattinn verður, enda þyrfti samning á borð við búvörusamning, ef skuldbindingar ríkisvaldsins eiga að halda. LSE þyrfti að koma að slíkum samningi.

4. Fjárhagsstaða okkar hefur versnað á sl. ári. Hve mikið nákvæmlega á eftir að koma í ljós, en gróft áætlað hefur hún versnað um liðlega 15 milljónir króna, enda var gróðursettur á sl. ári svipaður fjöldi plantna á Vesturlandi eins og á Suðurlandi, þótt Suðurlandsskógar hafi nálægt 90% hærri fjárveitingu en Vesturlandsskógar. Aukafjárveiting uppá kr. 9 milljónir, sem fékkst í desember var nýtt til að greiða halla árána fyrir 2007. Enn standa eftir 6 milljónir í halla þeirra ára, auk 12-15 milljóna króna halla ársins 2007. Eigum við að sækja um aukafjárveitingu vegna þessa árs og þess síðasta, þar sem umsvifin (einkum 2007) voru hófleg, ef miðað er við ályktun Alþingis frá 2003?

5. Í fyrra var boðinn út hluti plöntuframleiðslunnar fyrir okkur. Þar var um að ræða öll lauftrén og runnarnir, nema aðeins helmingur birkisins. Samtals ætti að takast að koma keyptum og gróðursettum plöntufjölda niður fyrir 600.000 plöntur á þessu ári, sem þýðir liðlega þriðjungs minnkun og að sama skapi minnkun “yfirfærslna” til bænda sem því nemur, þótt verðbætur vegi svo nokkuð á hinn veginn. Með því að ráða ekki sumarstarfsmann sparast nokkur hundruð þúsunda króna.

Hægt er í sparnaðarskyni að draga saman í gróðursetningu á stafafuru á þessu ári, þar sem hún hefur í æ ríkari mæli verið gróðursett sama árið og henni er sáð.

Freistandi er að leita aftur á náðir ráðuneytis og fjárlaganefndar með ósk um að halinn verði skorinn aftan úr okkur á fjárlagalegum.

6. Nýjar umsóknir eru allmargar, en lítið hefur verið sinnt um þær, fyrst vegna þess, að sammingsformið var ekki til reiðu (allt árið 2006) og svo höfum við heldur dregið lappirnar vegna fjárskortsins á þessu ári. Þó er unnið að áætlun fyrir nokkrar jarðir, sem verið er að gera samninga við. Þetta eru: Brekka og Efra-Skarð í Hvalfjarðarsveit, Múlastaðir í Flókadal, Hafþórsstaðir í Norðurárdal, Húsafell í Hálsasveit og Setberg á Skógarströnd. Einnig breytingar/viðbætur á Innra-Leiti á Skógarströnd, Hamri í Þverárhlið, Gautastöðum í Hörðudal og Breiðabólstað í Sökkólfssdal í Miðdölum.

Umsóknir eru þessu til viðbótar um viðbót í Sveinatungu (skortir á betri friðun), Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, Straumfirði á Mýrum, Ægissíðu (út úr Ytri-Görðum í Staðarsveit); nýbýli út úr Svarfhóli í Miðdölum, Kvíabryggju og Þórdísarstaði í Grundarfirði, Eskiholti II í Borgarhreppi, Harastöðum á Fellsströnd, Seljalandi í Hörðudal, Hóli í Hörðudal, Hvítárvöllum í Andakíl og Skíðsholta í Hraunhreppi, nýbýlið Aðalvík út úr Galtarvík í Hvalfjarðarsveit, . Auk þess eru allmargar eldri umsóknir, sem voru saltaðar vegna áhugaleysis, þegar til átti að taka.

Fundi slitið!

## 33. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

*haldinn að Hreðavatni 9.júlí 2008.*

Mættir stjórnarmennirnir: Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson., Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 14.30.

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.
2. Framkvæmdarstjóri gerði grein fyrir gróðursetningum sem af er þessu ári. Flestar plöntur, sem ætlaðar voru til gróðursetningar í vor, eru nú komnar í jörðu. Sigvaldi gerði grein fyrir því að Gróðrarstöðin á Lágafelli hefði undanfarin ár átt erfitt með að skila plöntum á réttum tíma. Sigvalda var falið að skrifa Þórði Runólfssyni á Lágafelli bréf þar sem honum verði gert að standa sig betur með afhendingu á plöntum.
3. Niðurskurður framkvæmda. Vegna fjárhagsstöðu Vesturlandsskóga var skorið niður um plöntufjölda sem nemur um 400 þúsund plöntur á þessu ári miðað við árið 2007. Hluti af plöntunum var seldur alls 50 þúsund plöntur. Fjárhagsstaða Vesturlandsskóga er það slæm að nú vantar um 20 milljónir kr til að hægt verði að gera upp við bændur og birgja fyrir þetta ár. Stjórnin lagði til að sótt yrði um aukafjárveitingu eða fá fyrirfram greitt af fjárveitingu næsta árs. Stjórnin lagði áherslu á varðandi umsókn um aukafjárveitingu að unnið yrði í nánu samstarfi við ráðuneyti landbúnaðar og sjávarútvegs.
4. Ferð FsV á Suðurland 12. –13. ágúst. Sigvaldi lagði til að í stað ferðalagsins yrði stefnt á að sækja ráðstefnu um skógrækt sem haldin verður Selfossi á sama tíma. Fram kom að FsV hefur ákveðið að fara í ferðina þrátt fyrir ráðstefnuna, og halda óbreyttri ferðaáætlun. Stjórnin lagði eindregið til að starfsmenn Vesturlandsskóga myndu sækja ráðstefnuna.
5. Grænni skógar Námskeiðaröðinni Grænni skógar sem hófst haustið 2005 lauk nú í vor. Alls skiluðu 12 þátttakendur lokaverkefni sem þeir kynntu á Hvanneyri laugardaginn 7. júní. Að lokinni kynningu var farið að Fitjum í Skorradal þar sem útskrift fór fram. Að henni lokinni buðu Vesturlandsskógar til grillveislu. Aðrir 12 eru búnir að ljúka tilskyldum námskeiðum, til að útskrifast, en eiga eftir að skila ritgerð. Áhugi er á að koma á nýrri námskeiðaröð í haust eða næsta vor.
6. Lok rekstarleigu á TS 509. Í ágúst rennur út samningur um rekstrarleigu á bifreið Vesturlandsskóga. Framkvæmdarstjóra var falið að finna nýja bifreið og ganga frá samningum um hana.
7. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 16.00.

Eftir fund og kaffiveitingar, í boði Skógræktarinnar, fylgdi Birgir Hauksson fundarmönnum á sýningu í Jafnaskarðsskógi, á verkum nokkurra listamanna, sem unnin eru úr skóginum..

Fundarritari

Guðmundur Sigurðsson

## 34.stjórnarfundur Vesturlandsskóga, haldinn að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri, mánudaginn 6. október 2008.

Mættir stjórnarmennirnir Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð. Fundur hófst kl. 13.30

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

2. Fjármál Vesturlandsskóga.

Reikningur fyrir árið 2007 lagður fram. Framlag ríkissjóðs var 75,9 milljónir til Vesturlandsskóga. Greiðsla til Vesturlandsskóga var 63,7 milljónir. Skuld við ríkissjóð var í lok árs 2006 15,3 milljónir. Skuld við bændur og birgja var 27,6 milljón um síðustu áramót. Skuld við ríkissjóðs var 3,2 milljónir.

Ríkisframlag fyrir árið 2008 var 67,7 milljónir. Sigvaldi áætlaði fjárvöntun fyrir árið 2008 um 8,2 milljónir. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er áætlað að 74 milljónir kr.komi til Vesturlandsskóga. Fyrir það framlag ætti að vera hægt að gróðursetja um 500 þúsund plöntur árið 2009.

Til stendur að fulltrúar landshlutaverkefnanna heimsæki fjárlaganefnd Alþingis. Stjórnarmenn undirrituðu ársreikning 2007.

3. Önnur mál. Samþykkt var, að Skúli færi með Sigvalda framkvæmdastjóra á fundráðuneytisins til að ræða fjárhagsstöðu Vesturlandsskóga. Stjórn áminnti framkvæmdarstjóra um að mæta betur á skrifstofu en verið hefur.

Sigvaldi gerði grein fyrir bréfi, sem hann hyggst senda Þórði Runólfssyni vegna vanefnda á plöntusamningum sbr. 33. fundargerð.

Fundi slitið kl. 15.40.

Fundarritari

Guðmundur Sigurðsson

# Viðauki II

## Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2008.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 2008

	Reikningur 2008	Reikningur 2007
Tekjur .....		
Sértekjur	288.800	130.000
Gjöld samtals .....	<b>50.036.741</b>	<b>82.135.288</b>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>74.906</u>	<u>105.671</u>
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag:	-49.747.941	-81.899.810
Framlag ríkissjóðs .....	<u>68.700.000</u>	<u>75.900.000</u>
Tekjuafgangur/-hali	<u><b>18.877.153</b></u>	<u><b>-5.999.810</b></u>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Reikningur 2008	Reikningur 2007
<b>Eignir</b>		
<b>Veltufjármunir</b>		
Ríkissjóður	9.552.765	0
Viðskiptakröfur – fyrirframgr.kostn.	12.939.889	18.407.927
Handbært fé .....	76.888	601.390
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>	<b>22.569.542</b>	<b>19.009.317</b>
<b>Eignir samtals .....</b>	<u><b>22.569.542</b></u>	<u><b>19.009.317</b></u>

## Skuldir og eigið fé

### Höfuðstóll

Staða í ársbyrjun .....	-11.848.526	-5.848.716
Tekjujöfnuður ársins .....	18.877.153	-5.999.810
<b>Höfuðstóll í árslok .....</b>	<b><u>7.028.627</u></b>	<b><u>-11.848.526</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir í árslok .....</b>	<b><u>7.028.627</u></b>	<b><u>-11.848.526</u></b>

Langtímaskuldir voru engar hvorugt árið

### Skammtímaskuldir

Skuld við ríkissjóð .....	0	3.205.607
Viðskiptaskuldir .....	<u>15.540.915</u>	<u>27.652.236</u>
<b>Skuldir samtals .....</b>	<b><u>15.540.915</u></b>	<b><u>30.857.843</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir .....</b>	<b><u>22.569.542</u></b>	<b><u>19.009.317</u></b>

## Sjóðstreymi árið 2008

	2008	2007
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur/-halli .....	18.877.153	-5.999.810
<i>Veltufé frá rekstri</i>	<b>18.877.153</b>	<b>-5.999.810</b>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur –lækkun/hækkun .....	5.468.038	-3.022.415
Viðskiptaskuldir –lækkun/hækkun .....	<u>-12.111.321</u>	<u>20.407.467</u>
<b>Handbært fé frá rekstr</b>	<b>12.233.870</b>	<b>11.385.242</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Framlag ríkissjóðs	-68.700.000	-75.900.000
Greitt úr ríkissjóði	<u>55.941.628</u>	<u>63.768.464</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b><u>-12.758.372</u></b>	<b><u>-12.131.536</u></b>
<b>Hækkun/lækkun á handbæru fé .....</b>	<b>-524.502</b>	<b>-746.294</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	<b><u>601.390</u></b>	<b><u>1.347.684</u></b>
<b>Handbært fé í lok ársins.....</b>	<b><u>76.888</u></b>	<b><u>601.390</u></b>